

Námskrá

Funaborgar 2025



Leyfðu barninu að gera sjálft það sem það getur gert,
þannig styður þú við þroska þess



EFNISYFIRLIT

SAGA FUNABORGAR	6
LEIÐARLJÓS FUNABORGAR	7
ÁHERSLUR Í STJÓRNUN LEIKSKÓLANS	7
SAMSKIPTI KENNARA	7
HUGMYNDAFRÆÐI FUNABORGAR	8
UMHYGGJA	9
AÐ LÆRA MEÐ ÞVÍ AÐ GERA	10
VIRKNI BARNNA – FÉLAGSLEG HUGSMÍÐAHYGGJA	10
SVÆÐI MÖGULEGS ÞROSKA	11
SÉRKENNSLA OG STUÐNINGUR	12
ÞRÓUNARVERKEFNI FUNABORGAR.....	13
GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ „ÁLLAR AÐSTÆÐUR ERU TÆKIFÆRI TIL NÁMS“	13
HEFÐIR OG VENJUR Í FUNABORG	15
NÁMSSVIÐ AÐALNÁMSKRÁR LEIKSKÓLA	19
LÆSI	19
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	19
SJÁLFBÆRNI	20
SKÖPUN	21
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI	21
JAFNRÉTTI	22
LEIKUR SEM NÁMSLEIÐ.....	23
KENNARAR Í FUNABORG	24
SAMSTARF OG SAMSKIPTI.....	25
FYRSTU KYNNI OG AÐLÖGUN	25
AÐLÖGUN BARNNA AÐ LEIKSKÓLANUM	25
FORELDRAFUNDIR OG FORELDRASAMTÖL	26
FORELDRAFÉLAG OG FORELDRARÁÐ	26

NÆRUUMHVERFI OG SAMSTARF VIÐ STOFNANIR	27
HAMRASKÓLI OG FOLDASKÓLI.....	27
SIMBAÐ SÆFARI OG REGNBOGALAND	27
AUSTURMIÐSTÖÐ.....	28
BORGARBÓKASAFNIÐ SPÖNG	28
FRÍÐUHÚS	28
ANNAÐ SAMSTARF.....	28
MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	30
MATSÁÆTLUN FUNABORGAR 2024-2030.....	30
HEIMILDASKRÁ	32



INNGANGUR

Leikskólar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir nemendur sem eru undir skólaskyldualdri. Lögum samkvæmt skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi (Lög um leikskóla, 2008).

Leikskólar starfa eftir Aðalnámskrá leikskóla 2023. Aðalnámskráin er stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Aðalnámskrá leikskóla er rammi um leikskólastarfið og undirstaða frekari skólanámskrárgerðar (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Skólanámskrá Funaborgar stýrir menntun og faglegu starfi sem fer fram í leikskólanum og er hjálpartæki fyrir kennara, nemendur og foreldra. Hún segir frá gildum, reglum og verkfærum sem leikskóli starfar eftir en einnig lýsir hún uppeldisstefnu og hugmyndafræði sem leikskólinn byggir á.

Námskrá leikskólans Funaborgar er hönnuð til að styðja við starfsfólk í að ná settum markmiðum og til að veita foreldrum/forráðamönnum og öðrum sem hafa áhuga á leikskólastarfi innsýn í daglegt starf. Hún er mikilvægt tæki fyrir kennara í skipulagningu, framkvæmd og mati á námi og þroska barna. Þessi námskrá er lifandi plagg sem er reglulega endurskoðuð til að tryggja að hún endurspegli bestu aðferðir og leiðir í leikskólafræðum.



Við leikskólann er starfandi foreldraráð og er kosið í það á foreldrafundi að hausti. Tveir fulltrúar foreldra af hverri deild. Ráðið fundar með leikskólastjóra og fulltrúa starfsmanna og hefur umsögn með starfinu og með öllum meiriháttar breytingum. Foreldraráð skrifar umsögn um bæði starfsáætlun og skólanámskrá og sendir til Skóla og frístundarsviðs.

Starfsfólk Funaborgar kemur beint eða óbeint að gerða námskrár. Á starfsdögum eru teknarumræður um ákveðna þætti sem tengjast starfi og fundagerð skráð og unnið úr þeim skráningum inn í námskrá. Námskráin er vistuð á opnu svæði þar sem öllu starfsfólki gefst tækifæri til að lesa, bæta við og/eða koma með hugmyndir eða gagnrýni. Köflum námskrár er skipt niður eftir hlutverkum stjórnendahópsins og skráðir af þeim.

Börn Funaborgar koma einnig að gerð námskrárinnar. Námskrá Funaborgar er myndskreytt ljósmyndum af börnum í leik tengdum viðfangsefnum hennar. Þátttaka barnanna í gerð námskrár er byggt á spurningum um viðfangsefnum námskrárinnar og svörin þeirra eru notuð til að varpa ljósi á skoðanir og hugsanir þeirra. Einnig eru niðurstöður árlega spurningalista/könnunar meðal elstu barna eru notaðar til úrvinnslu og breytingar á bæði námsskrá og starfsáætlun.



SAGA FUNABORGAR

Leikskólinn Funaborg í Funafold 42 var opnaður árið 1994. Leikskólinn stendur við Grafarvoginn og er þekktur sem leikskólinn í skóginum, því allt í kringum okkur eru tré og gróður. Í nánasta umhverfi okkar eru ótal gróðursælar gönguleiðir.

Árið 2011 voru þrír leikskólar foldahverfis sameinaðir í einn Leikskólann Sunnufold.

Skólarnir þrír voru svo nefndir eftir götuheitum eða Sunnufold Funi (okkar), Sunnufold


Frosti og Sunnufold Logi.

Sameining þessa þriggja leikskóla sem reknir voru í þremur húsum reyndist of stórt og yfirgripsmikið verkefni og því var ákveðið að Funi væri tekinn úr sameiningunni. Funi fékk því aftur upprunalegt nafn sitt Funaborg þann 1. júní 2019.

Leikskólinn Funaborg er þriggja deilda

leikskóli. Deildarnar heita Fagrabrekka, Helgustekkur og Guddumói. Öll nöfn deilda og svæða eru nöfn úr nágrenni leikskólans. Guddumói er skógarhúsið okkar sem var opnað árið 2022 og þar er deild fyrir elstu nemendur í leikskólanum. Fagrabrekka og Helgustekkur eru deildi yngri nemenda í aðalhúsnæði leikskólans. Það stendur til að stækka Funaborg um fjórar deildir svo í framtíðinni verður hann sjö deilda leikskóli.

Leikskólinn er opinn frá klukkan 07:30 til 16:30 og þar dvelja 58 nemendur. Rekstur og stjórnun leikskólans fellur undir Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Funaborg tilheyrir Austurmiðstöð sem er alhliða upplýsingamiðlun um þjónustu borgarinnar.



Leiðarljós Funaborgar

Leyfðu barninu að gera sjálft það sem það getur gert, þannig styður þú við þroska þess. Okkur hættir öllum til að grípa of fljótt inn í og gera fyrir nemendur. Það er því gott að minna sjálf/a/n sig á að nota setninguna „reyndu tvisvar og svo skal ég hjálpa þér“ sem leið til þess að grípa ekki inn í. Nemandinn er þannig hvattur til að reyna sjálfur en veit það einnig að þú sért til staðar til að aðstoða.

Áherslur í stjórnun leikskólans

Leikskólastjóri / aðstoðarleikskólastjóri eru fyrst og fremst faglegir leiðtogar. Leikskólastjóri / aðstoðarleikskólastjóri bera ábyrgð á því að í leikskólanum séu lýðræðisleg vinnubrögð og gæta þess að þátttaka allra, starfsmanna, barna og foreldra sé í hávegum höfð.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á rekstri leikskólans og daglegri stjórnun hans ásamt stjórnendateymi skólans. Í stjórnendateymi sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, verkefnastjóri og deildastjórar.

Fundað er með stjórn leikskólans í hverri viku og öllum frjálst að koma með umræðuefni. Deildarfundir eru einnig haldnir í hverri viku undir stjórn deildarstjóra.

Samskipti kennara

Í Funaborg berum við virðingu fyrir ólíkum skoðunum og aðstæðum starfsmanna. Við komum fram við aðra eins og við viljum láta koma fram við okkur. Við erum jákvæð, við munum að brosa og hafa gaman af lífi og starfi. Við komum heiðarlega fram. Við teljum að kurteisi og hjálpsemi komi okkur langa leið. Við erum óhrædd við að leita aðstoðar þegar við þurfum á að halda og leysum ágreining þegar hann kemur upp. Við erum Funaborgarar teymið og erum lausnamiðuð.





HUGMYNDAFRÆÐI FUNABORGAR

Sú menntastefna sem birt er í Aðalnámskrá er reist á **sex grunnþáttum menntunar**. Þessi þættir eiga að styðja við nemendur andlega og líkamlega, og leiða þau til sjálfbjargar og farsældar í samfélagi með öðrum.

Grunnþættirnir eiga sér stoð í löggjöf fyrir leikskóla, sótt er til annarrar löggjafar svo sem lög um jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna. Tekið er tillit til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefnumörkun UNESCO um almenna menntun. Grunnþættirnir eru: læsi, heilbrigði og velferð, sjálfbærni, sköpun, lýðræði og mannréttindi og jafnrétti (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Allar menntastofnanir í Reykjavík taka mið af markmiðum Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Tilgangur stefnumótunarinnar er að ná víðtækri samstöðu um framtíðaráherslur í skóla- og frístundarstarfi. Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum, félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði.

Grunnþættir Aðalnámskrá leikskóla og grundvallarþættir Menntastefnunnar fléttast inn í hugmyndafræði Funaborgar.

Í Funaborg, er menntun og velferð barna í fyrirrúmi, þar sem jafnrétti og mikilvægi hvers einstaklings er viðurkennt. Hugmyndafræði Funaborgar byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem staðfestir að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi óháð réttindum fullorðinna. Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja sáttmálanum (Barnasáttmálinn, 2013).

Áherslur í starfi Funaborgar eru alltaf þær að nemendur fái að njóta sín og með styrkri leiðsögn nái þau að þroskast og dafna eins og best verður á kosið. Að allir nemendur fái þann stuðning sem þeir þurfa til að njóta leikskólastarfsins á forsendum sem eru þeim

til framdráttar og að þeir séu og verði sterkir lýðræðislega hugsandi þegar í nútíma samfélagi.



Nel Noddings (1995) telur að takmark menntunar ætti að vera að einstaklingurinn öðlist trú á sjálfan sig og eigin getu. Takmarkið er að einstaklingurinn verði hamingjusamur og fái tækifæri til að þroska hæfileika sína. Allir þurfa á því að halda að vera sýnd umhyggja og fá jákvæð viðbrögð. Umhyggja kennara birtist annars vegar í því að kennari sýni nemanda hlýju, hjálpssemi og sé umhugað um að honum líði vel. Hins vegar birtist umhyggja fyrir velferð nemandans sem hæfni kennarans til að koma auga á styrkleika og getu hvers og eins. (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2009)

Leiðir að markmiðum

Í Funaborg er þátttökuaðlögun í byrjun leikskólans sem gerir leikskólabyrjunina að okkar mati auðveldari bæði fyrir nemanda og foreldri. Nemandi er öruggur þegar það hefur foreldri með sér í aðstæðum sem eru nýjar. Sömuleiðis eru foreldrar fyrirmyndir barna sinna. Góð samskipti á milli foreldri og kennara er undirstaða trausts nemanda til kennarans. Umhyggja kennara er forsenda vellíðan nemanda á leikskólanum og er traustur grunnur til að byggja á í áframhaldandi námi. Kennarar eru sveigjanlegir og það er viðurkennt að ein regla gildi ekki alltaf fyrir alla. Jákvætt viðmót, hlýja, faðmlag og bros kemur öllum langa leið. Kennarar huga að bæði andlegum og líkamlegum þörfum nemenda.



Að læra með því að gera

John Dewey (2000) er höfundur kenningarinnar „**Learning by doing**“ sem byggir á því að börn læri með því að framkvæma. Þar er lögð áhersla á að virkja, hlúa að og bera virðingu fyrir athafnapörf nemandans og kennarinn þarf að vekja áhuga hjá nemandanum. Barnið lærir svo af eigin reynslu, virkni og áhuga.

Leiðir að markmiðum

Í leikskólanum er lögð áhersla á að nemendurnir fái sem flest tækifæri til að auka sjálfstæði sitt í öllum aðstæðum dagsins með því að gera sjálf. Þetta er gert meðal annars með skýrum fyrirmælum, aðgengilegum efnivið og sjónrænum vísbendingum.



Virkni barna – Félagsleg hugsmíðahyggja

Virkni er mikilvæg forsenda náms. Til að virkni náist þarf hver og einn að njóta ákveðins sjálfræðis og finna til hæfni og getu sinnar. Hver og einn lærir á sínum forsendum en er jafnframt háður félögum sínum um þá þekkingu sem verður til. Hugsmíðahyggjan leggur áherslu á mikilvægi þekkingar sem skapast í lærdómsferlinu sjálfu. Gert er ráð fyrir því að upplifun og lærdómur barnanna sé ólíkur.



Leikskólastarf grundvallast á þeirri sýn að börn séu hæf til að skapa sér sjálf góðar aðstæður til að vaxa í og fá aðra til að vaxa með sér. Í öllu starfi á að leggja áherslu á styrkleika barna og áhugasvið. Lögð er áhersla á ólíkar aðferðir og stutt við nemendur sem einstaklinga og ólíkar þarfir þeirra. Allir nemendur taka þátt í starfi leikskólans, en í sértækum tilfellum fer hluti af námi

nemenda fram utan hópsins til að mæta þörfum þeirra. Það er í hlutverki kennarans að ná fram virkni barnanna t.d. með því að bjóða upp á fjölbreyttan efnivið við allra hæfi og gott aðgengi fyrir alla (Bodrova, E og Leong, D.J. , 2007).

Leiðir að markmiðum

Í leikskólanum berum við virðingu fyrir nemandanum. Við notum virka hlustun, heyrum raddir þeirra og ýtum undir virk samskipti. Öll samskipti hafa tilgang, þar með talið ágreiningur sem við nýtum til að rökræða, læra að taka tillit til annarra og sjá hvernig ákvarðanir okkar hafa áhrif á aðra í kringum okkur. Þannig byggjum við upp samkennd hjá börnum og gerum þau félagslega hæf og sterk.



Svæði mögulegs þroska

Vygotsky (1978) lagði áherslu á mikilvægi félagslegra samskipta í þroska barna og taldi að menning og samfélag hefðu þar djúpstæð áhrif og kallaði það svæði mögulegs þroska.

Kennarar og barnahópurinn (jafnaldrar) geta veitt þá nauðsynlegu aðstoð sem hjálpar nemendum að ná færni sem þau gætu ekki náð sjálf. Þannig er hægt að byggja á fyrri reynslu og þekkingu barnsins og veita viðeigandi stuðning til að hvert barn nái sínum besta mögulega árangri.

Leiðir að markmiðum

Nemendur læra með því að gera sjálf eða með því að fá örlitla aðstoð til þess að komast á áfangastað. Það er því mikilvægt að taka ekki af þeim tækifærið til að gera sjálf og því notum við verkfærið „reyndu tvisvar og svo skal ég hjálpa þér“. Stuðningur kennara til að nemandi nái sínum besta árangri getur verið í formi þess að færa nemanda leir til að klippa til að styrkja klippifærni, leiðrétta grip nemanda um blýant þegar hann teiknar eða setja mjólkina í smærri könnu svo að nemandi geti hellt sjálfur.



Í Funaborg er unnið eftir hugmyndafræði leikskóla án aðgreiningar. Samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er íhlutun í leikskóla fyrsta stigs þjónusta. Öll börn skulu hafa aðgang að tengilið sem metur hvort þörf sé á samþættri þjónustu. Tengiliður er starfsmaður leikskólans.

Í leikskólanum leggjum við áherslu á einstaklingsmiðaða þjónustu og snemmtæka íhlutun. Íhlutun fer fram inná deild (í daglegu starfi) eins mikið og hægt er og í sérkennslurými. Fylgst er með framvindu nemenda meðal annars með því að nota skimunarlista eins og EFI-2 og HLJÓM-2. Ef þörf er, eru notaðir ítarlegri skimunarlistar og unnið í samstarfi við sérfræðinga í Austurmiðstöð. Stuðningsaðilar í samstarfi við sérkennslustjóra útbúa einstaklingsnámskrá úr niðurstöðum þessara lista meðal annars.



ÞRÓUNARVERKEFNI FUNABORGAR

Þróunarverkefni hvers konar í leikskóla er verkfæri til þess að efla allt starfsfólk. Í fjölbreyttu málumhverfi leikskólabarna í dag er nauðsynlegt að huga og hlúa vel að bernskulæsi á fyrsta skólastiginu.



Gríptu tækifærið „Allar aðstæður eru tækifæri til náms“

Í verkefninu „Gríptu tækifærið“ er unnið með bernskulæsi og markvisst unnið að því að skapa jákvætt viðhorf til lesturs. Ferlið leggur grunn að börn þrói með sér færni til að skilja umhverfið, miðla þekkingu, reynslu eða upplifun til annarra.

Markmið verkefnisins er að dýpka málumhverfi barnanna og auka ígrundun í starfi og efla sameiginlega ábyrgð starfsfólks. Lestur er undirstaða námsárangurs og því mikilvægt að byrja lestrarferlið snemma.

Lestur er samofinn mörgu í lífinu, samskiptum, sjálfstæði, þekkingaröflun og fleiru. Með verkefninu viljum við kveikja áhuga barna á lestri og efla færni þeirra í að lesa í umhverfið sem er öflug undirstað fyrir hinn eiginlega lestur.



Hvað þýðir að grípa tækifærið – sjónarhorn barnanna

„Að vera stilltur, ég held það, það grípur ekki tækifærið að vera óþekkur“, „maður réttir upp hönd“, „Veit ekki“, „Ekki missa af“, „Þegar einhver stökkvir“.

Leiðir að markmiðum

Verkefnið er ekki einungis hugsað fyrir nemendurna heldur líka sem verkfæri fyrir kennara til að auka gæði leikskólastarfsins. Kennarar hafa auðveldan aðgang að verkfærum sem nýtast í málörvun og kennslu nemenda á leikskólastigi. Áherslupættir

starfsins eru: **Lubbi finnur málbein, Gefðu 10, Söngstundir, Sögustundir, Sjónrænar vísbendingar** og svo er þungamiðjan í verkefninu okkar málörvunarstundirnar **Funaflóð**.



HEFÐIR OG VENJUR Í FUNABORG

Sumar hefðir eru árstíðabundnar, sumar eru menningartengdar, aðrar lúta að foreldrasamstarfi, enn aðrar að barnamenningu og svo eru það einnig þær sem hafa orðið til og þróast í áranna rás og enginn man lengur hvert upphafið hefðarinnar var.

Foreldrafundur

Haldinn er fundur með foreldrum seinni part eða kvöldstund í september. Á foreldrafundum er leikskólinn og starfsemin kynnt enn betur fyrir foreldrum. Stjórnendur leikskólans kynna sig og sín störf og foreldrum gefst tækifæri á að spyrja um allt sem þeim mögulega vantar svör við. Kosið er í foreldraráð og foreldrafélag.

Funafjör

Það er alltaf fjör hjá okkur á föstudagsmorgnum þegar allar deildar leikskólans og starfsfólk hittist í sal leikskólans. Annan hvern föstudag er söngstund, deildar mæta með það lag sem er í söngkrukkunni þeirra, afmælissöngvar mánaðarins eru sungnir og fleira. Hinn föstudaginn er dansstund og þá dönsum við og setjum á fóninn þau lög sem tengjast barnamenningunni hverju sinni.

Funaflóð

Börnin fara í litlum hópum í málörvunarstundir einu sinni í viku. Í Funaflóði er spilað, parað saman, hlustað á sögur, sungið, skipst á, talað saman og horft á bókabíó.

Funaflóð sjónarhorn barnanna

„Bara, bara skemmtilegt“, Útaf við erum að læra stafina, við erum að fara í skólann, annars þurfum við að fara aftur í leikskólann“, „Bara, til að æfa sig“, „Til að við lærum eitthvað“, „Til að spila spil sem á að halda á, setja niður á borð, taka upp og segja hver á og draga aftur og aftur“, „Útaf því að kennarinn segir það“

Litadagar

Yfir árið eru þó nokkrir litadagar á Funaborg svo sem rauður í kringum jólin, blár í mánuði tileinkuðum einhverfu, bleikur í október ofl. Þá koma börn og starfsmenn klædd í einhverju í þeim lit sem deginum er tileinkað hverju sinni.

Húsdýragarður

Elstu börn leikskólans fara á haustönn á tvö námskeið í Húsdýragarðinum, *Húsdýrin okkar* og *Hugrakkir krakkar*. Farið er frá og að leikskólanum í strætisvagni sem gerir ferðina enn meira spennandi

Piparkökumálun

Piparkökumálun er skipulögð af stjórn foreldrafélagsins og haldin hátíðlega seinni part dags í lok nóvember eða byrjun desember. Jólatónlist, piparkökur, glassúr og mandarínur. Falleg samverustund barna og foreldra

Foreldrakaffi

Börnin bjóða foreldrum sínum í jólakaffi í byrjun desember. Foreldrum er boðið upp á ristað brauð sem er sko besti morgunverðurinn í leikskólanum og aðalatriðið eru svo smákökur í heimatilbúnum smákökuöskjum.

Árbæjarsafn

Elstu börnin sjá hvernig jólin voru í gamla daga. Heyra um jólasveinana sem voru dálítið hrekkjóttir í gamla daga. Börnin heyra um jólamat, kerti, jólatré og jólagjafir þessa merkilega tíma og syngja jólalög í gömlu kirkjunni.

Jólaball og jólamatur

Jólaball er haldið í desember fyrir börn og starfsmenn leikskólans. Við dönsuðum í kringum jólatréð, jólasveinar kíkja í heimsókn, syngja og dansa með okkur. Jólasveinarnir segja börnunum sögur af oft skrautlegu fjölskyldulífi þeirra og færa börnunum smá gjöf áður en þeir kveðja aftur. Í hádeginu fáum við hátíðlegan jólamat.

Stysti dagur ársins

Á stysta degi ársins í desember, tekur það því varla að klæða sig að morgni og því er náttfatadagur í leikskólanum. Á þessum degi höfum við verið með kósý bíó fyrir þá sem það vilja og svo auðvitað útiveru og hefðbundið skólastarf einnig.

Þorablót

Matartíminn sem sér um matinn á Funaborg sendir okkur þorra smakk einn dag í febrúar og þann dag höfum við klæðst íslensku ullinni, t.d. peysu, húfu, ullarsokkum.

Afa og ömmu kaffi

Í c.a. mars á hverju ári bjóðum við afa, ömmu eða staðgenglum þeirra í kaffi til okkar. Við bjóðum uppá kaffi, djús og kleinur. Þessi viðburður er vinsæll og vel sóttur. Jafn vel hefur heyrst að afarnir og ömmurnar séu spenntari fyrir þessu viðburði heldur en börnin.

Bolludagur

Við fáum bollur í hádegismatinn og rjómobollur í kaffitímanum.

Sprengidagur

Saltkjöt og baunir, túkall.

Öskudagur

Sannkallaður krakkadagur, búningar, kötturinn sleginn úr tunnunni, tunnudrottning/kóngur krýnd/krýndur, dansað og tjúttað.

Vorferð leikskólans

Stjórn foreldrafélagsins skipuleggur vorferð í sveitina á laugardegi í maí hvert ár. Allir fara á einkabílum (sameinast jafnvel í bíla) og hittast og eiga góða stund saman foreldrar, börn, sveitin og dýrin.

Útskriftarveisla

Elstu börnin bjóða foreldrum sínum með boðskorti í útskriftarveisluna sína. Hátíðleg stund þar sem börnin syngja, haldin er ræða og börnin fá viðurkenningarskjal og smá glaðning. Svo eru veitingarnar valdar eftir smekk barnanna.

Útskriftarferð elstu barnanna

Dagsferð um Reykjavík eða nágrenni með spennandi nesti eða veitingum og afþreyingu. Alltaf þreyttir en sælir krakkar sem koma heim úr þessari ferð í dagslok.

Afmæli leikskólans og snúðaskokk

Okkur finnst skemmtilegt að fagna afmæli leikskólans með snúðaskokki. Þennan dag fara öll börnin út fyrir lóðina og skokka ákveðna vegalengd aftur í leikskólann (lengd eftir aldri og getu). Fyrir dugnaðinn og eljuna fá börnin pappírs medalíu og auðvitað snúð að launum.

Jónsmessuhátíð

Foreldrafélagið hefur ásamt starfsfólki haldið veglega sumarhátíð á leikskólalóðinni. Hátíðin stendur yfir allan daginn í leikskólanum og foreldrarnir koma og klára daginn með okkur seinni partinn. Það er alltaf hoppukastalar á svæðinu og stundum grill, stundum ísbíll, stundum skemmtikraftur, stundum blöðrur en alltaf gaman.



NÁMSSVIÐ AÐALNÁMSKRÁR LEIKSKÓLA

Aðalnámskrá leikskóla er vinnuplagg allra leikskóla. Allir leikskólar vinna því að sömu markmiðum eftir mismunandi leiðum.



Læsi

Leikskólabörn læra að lesa í umhverfið, þau tjá það sem þau upplifa, þau tjá tilfinningar sínar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Læsi í leikskóla er félagslegt fyrirbæri. Barn lærir í félagslegum samskiptum við aðra. Margar leiðir eru að hverju marki og leikskólabörn læra fyrst og fremst í gegnum leikinn og nota til þess öll sín skilningsvit (Stefán Jökulsson, 2012).



Á Funaborg

- Þróum læsi barna í víðum skilningi.
- Bjóðum fram efnivið og leikaðstæður sem ýta undir sjálfstæði.
- Aukum vægi leiksins, því í gegnum leikinn læra börnin mest af jafningjum og við jafningja
- Grípum tækifærið



Heilbrigði og velferð

Heilbrigði er byggt á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Mikilvægt er að kennslan sé byggð upp á jákvæðni, að hún sé skemmtileg, hvetjandi og að hún taki mið af styrkeikum og þörfum hvers barns.

Holtt mataræði, hreyfing, útivera og hvíld vinna gegn skaðlegum áhrifum álags. Samkennd,

Á Funaborg

Mikil útivera og hreyfing

stuðningur og virðing efla heilbrigði. Það er einnig mjög mikilvægt velferð barna að tilheyra, njóta viðurkenningar og eiga samleið með öðrum og að því markmiði er stöðugt unnið á leikskóla (Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir, Erla Kristjánsdóttir, 2013).

- Hvíldarstundir
- Rólegar stundir.
- Fjölbreytt mataræði úr öllum fæðuflokkum
- Nærgætni
- Gleði, húmor
- Virðing og samkennd
- Hlutverk

Sjálfbærni

Sjálfbærni felur í sér að starfa með tilliti til náttúrunnar, samfélagsins og einstaklinganna.

Við stuðlum að því að börn fái að upplifa og læra um náttúruvernd, lýðræði og réttlæti. Sjálfbærni er ekki bara umhverfismál, heldur snýst líka um að efla gildi eins og samkennd, samstarf og virðingu (Sigrún Helgadóttir, 2013).



Á Funaborg

- Útisvæðið okkar, tré, runnar, gras, blóm
- Pöddur, fuglar og önnur smádýr
- Skoðum og lærum að bera virðingu fyrir náttúrunni
- Við lærum að fara vel með náttúruna fyrst á leikskólanum og svo í nærumhverfinu
- Við flokkum rusl. Nýtum efnivið, spörum pappír
- Tökum þátt í Grænum skrefum Reykjavíkurborgar
- Heimsækjum Fríðuhús og kynnumst eldri borgurum

Sköpun í leikskóla er mikilvægur þáttur í þroska barna. Með sköpun geta börnin tjáð sig, leikið sér, lært og uppgötvað heiminn.

Sköpun er um hugmyndaflug, samvinnu og eflingu sjálfstrausts og leiðir af sér forvitni og þekkingaleit. Skapandi starf beinist að ferlinu sjálfu og gleðinni við að skapa (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012).



Á Funaborg

-  Mála – teikna – leira – perla
-  Endurnýtanlegur efniviður
-  Náttúrulegur efniviður t.d. snjór/prik/könglar
-  Hlutverkaleikir
-  Gott aðgengi að efnivið á deildum
-  Tónlist og dans

Lýðræði og mannréttindi

Allir einstaklingar hafa sömu tækifæri til að taka afstöðu til mála. Allir einstaklingar hafa rétt á að tjá tilfinningar sínar og skoðanir og að á þá sé hlustað.

Börnin læra og fá tækifæri til að hlusta á aðra. Börnin læra að setja sig í spor annarra, finna til samkenndar og bera virðingu fyrir mismunandi sjónarhornum (Ólafur Páll Jónsson, Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012).

Á Funaborg

-  Allir hafa rétt á sinni skoðun og tilfinningum.
-  Þekkjum nöfn tilfinninga
-  Tilfinningar allra eru viðurkenndar.
-  Við hlustum og fáum börnin einnig til að hlusta á aðra



- Við spyrjum opinna spurninga.
- Við setjum okkur í spor annarra

Jafnrétti

Öll menntun og fræðsla á að hafa mannréttindi allra í huga og taka mið af því fjölbreytta samfélagi sem við búum í.

Börn eiga að njóta sín og þroskast án fordóma eða mismununar vegna kyns, kynhneigðar, menningar, trúar, fötlunar, litarháttar, tungumáls, ætternis, þjóðernis eða lífsskoðana. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýnaskoðun á því sem fram fer í leikskólanum með það í huga að kenna börnunum að sjá og greina aðstæður sem leiða til mismununar (Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson, Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013).

Á Funaborg

- Hvert rými leikskólans er hannað þannig að því sé auðvelt að breyta til þess að henti öllum.
- Einstaklingsnámskrár, íhlutun og stuðningur fyrir þá sem þurfa
- Mörg tungumál
- Fánar allra uppá vegg
- Unnið að auknu sjálfstæði nemenda í daglegum aðstæðum



LEIKUR SEM NÁMSLEIÐ

Sjálfspróttinn leikur er grundvallaratriði í þroska nemenda og gegnir lykilhlutverki í leik og námi þeirra.

Það eru innri hvatar barna, forvitni, ánægja, sjálfræði, hæfni og samskipti sem stýra leiknum.

Í gegnum leikinn læra nemendur:

- að skilja heiminn í kringum sig
- að þróa tungumál og tjáningu
- að efla ímyndunaraflið og sköpunargáfu
- að styrkja líkamlega færni
- að örva flókna hugsun og samkennd
- sjálfstæði og frumkvæði
- að mynda sterk félagsleg tengsl

(Handbók um leikinn, 2024, Aðalnámskrá leikskóla 2023).



Hlutverk kennara í leik nemenda

- Kennarar virkja nemendur til þátttöku
- Kennarar sjá um að hanna námsumhverfið
- Kennarar skapa gott aðgengi að efnivið
- Kennarar styðja við nám nemandans

(Anna Magnea Hreinsdóttir, Pála Pálsdóttir og Sigrún Grétarsdóttir, 2024, Fanný Kristín Heimisdóttir, 2010).

Þegar kennari er nálægur og notar virka hlustun getur hann veitt leiknum og börnunum þann stuðning sem til þarf. Hlutverk kennara í leik nemenda er að vera þjálfari, leikfélagi, leiðbeinandi, áhorfandi og rannsakandi (Handbók um leikinn, 2024).

Kennarar í Funaborg eru alltaf í sjálfskoðun í starfi sínu, þeir er leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfs. Kennarar eru góðar fyrirmyndir, hafa opin huga og eru tilbúnir að hlusta á hugmyndir og kenningar barna. Kennarar bjóða upp á fjölbreyttar námsaðferðir og hafa í huga að umhverfið sé þriðji kennari. Kennari gætir þess að umhverfið sé tengt áhugahvöt barnahópsins hverju sinni. Kennarar styðja við leik barnana þegar þess þarf og sjá til þess að allir tilheyri, allir sé með, kveikja neistann. Kennarar hafa mikla yfirsýn og gera uppeldisfræðilegar skráningar.



Hvernig eru kennarar í Funaborg? Sjónarhorn barna

„Meistarar í að gefa okkur morgunmat“, „Góðir, hjálpa manni“, „hugga börn og halda á þeim“, „Sjá um krakkana, segja stopp við börnin þegar þau gera eitthvað sem má ekki gera“, „Hjálpa, þegar maður er að gráta, þá á að knúsa“.



SAMSTARF OG SAMSKIPTI

Lagt er upp með það að eiga í góðum samskiptum við foreldra og forráðamenn, góð samskipti og upplýsingamiðlun er að okkar mati mikilvægur þáttur til að auka gæði og mæta þörfum nemandans.

Áhersla er lögð á vönduð og jákvæð samskipti í byrjun og lok dags þegar nemendur mæta með foreldrum og forráðamönnum sínum í Funaborg.



Fyrstu kynni og aðlögun

Að byrja í leikskóla er stór stund í lífi barns

og foreldra. Foreldrum er boðið í fyrsta samtal af deildastjóra og þá fá foreldrar tækifæri til að hitta starfsfólk og sjá námsumhverfið nemandans. Foreldrar veita deildastjóra upplýsingar um barn sitt og fá bækling um leikskólann með hagnýtum upplýsingum.



Aðlögun barns að leikskólanum

Í Funaborg er þátttökuaðlögun. Foreldri dvelst með barni sínu í leikskólanum fyrstu þrjá daga leikskólagöngunnar og tekur virkan

þátt í starfinu. Nemandinn kynnist leikskólanum og starfsfólkinu um leið og foreldrar og bæði foreldrar og börn mynda tengsl og öryggi.

Þátttökuaðlögun gerir foreldrum kleift að hitta og kynnast öðrum foreldrum í sömu sporum og mynda þar einnig mikilvæg tengsl. Foreldrar nýta þennan tíma einnig til að fylla út eyðublöð, skrifa undir dvalasamning, leyfi fyrir ljósmyndatöku og



skráningum ásamt leyfi fyrir ferðum utan leikskóla. Þegar nemendur flytja á milli deilda Funaborgar er sú aðlögun í höndum starfsmanna.



Foreldrafundir og foreldrasamtöl

Það er mikilvægt að vera í samstarfi um þroska og velferð barnsins. Við boðum foreldra til samtals tvisvar á ári en hvetjum þá jafnframt til að hafa frumkvæði að því að ræða við okkur ef eitthvað er. Á haustin er foreldrafundur sem stýrt er að stjórnendateymi leikskólans. Á þessum fundir er komandi skólaár kynnt fyrir foreldrum. Á þessum fundi eru líka tækifæri til að spyrja spurninga og ræða við starfsfólk og aðra foreldra.



Foreldrafélag og foreldraráð

Við leikskólann er starfsandi foreldraráð og er kosið í það á foreldrafundi að hausti.

Tveir fulltrúar foreldra af hverri deild. Ráðið fundar með leikskólastjóra og fulltrúa starfsmanna og hefur umsögn með starfinu og með öllum meiriháttar breytingum. Ráðið les yfir og samþykkir starfsáætlun og skólanámskrá.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og í það er einnig kosið á haustfundinum.

Foreldrafélagið sér um að skipuleggja nokkra viðburði á ári þar sem börn hittast og skemmta sér saman.



NÆRUUMHVERFI OG SAMSTARF VIÐ STOFNANIR

Við leggjum okkur fram við að eiga gott samstarf við menningarstofnanir hvers konar og skólana í hverfinu okkar. Það er mikilvægt að þegar samfélagið er kynnt fyrir börnunum þá sé vandað til verksins.



Hamraskóli og Foldaskóli

Þar sem Funaborg er staðsett milli hverfa er hverfaskólarnir okkar Foldaskóli og Hamraskóli, og fara börn í heimsókn þangað sem við á. Markmið samstarfs við hverfisskóla er að börnin kynnist grunnskólanum. Nemendur í skólahóp fara í heimsóknir stundum í mismunandi tíma innan skólans, kennslustundir, söngstundir, íþróttir og frímínútur.

Foreldrar bera sjálfir ábyrgð á því að koma gögnum barna sinna á milli skólastiga. Ef upplýsingar og gögn eru nauðsynleg fyrir skólastarfið og velferð/vellíðan barns setjast foreldri/ar niður ásamt sérkennslustjóra/deildarstjóra og funda um þær upplýsingar sem þurfa að fara á milli. Ef það er talið að niðurstöður Hljóm, skimun til að meta hljóðkerfis- og málvitun barna, muni nýtast barni á næsta skólastigi er þeim skilað á milli stiga.



Simbað sæfari og Regnbogaland

Simbað og Regnbogaland eru frístundarheimili Hamraskóla og Foldaskóla.

Nemendum í skólahóp gefst tækifæri til að kynnast frístund vorið áður en þau byrja í grunnskóla með heimsóknum í fylgd starfsmanna eða foreldra.

Austurmiðstöð

Austurmiðstöð er einn af samstarfsaðilum Funaborgar. Starfsfólk og foreldrar geta leitað þangað í fjölbreytta þjónustu. Í Austurmiðstöð er sótt eftir stuðningi og ráðgjöf sérkennsluráðgjafa, félagsráðgjafa og sálfræðings.

Tvisvar á ári er lausnateymisfundur fagaðila í Austurmiðstöð og fagaðila í leikskólanum þar sem farið er yfir sérkennslumál leikskólans. Fagaðilar Austurmiðstöðvar eru sérkennsluráðgjafi, sálfræðingur, talmeinafræðingur, félagsráðgjafi og heðgunarráðgjafi. Í lausnarteymi leikskólans eru deildastjórar, leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri

Borgarbókasafnið Spöng

Næst elsti árgangur í leikskólanum fer einu sinni í mánuði í sögustund í bókasafninu. Þar fá þau einnig frjálsan tíma til að skoða bækur og velja bækur að láni til að fara með í leikskólann. Börnin taka strætisvagn á safnið.

Fríðuhús

Einu sinni í mánuði eru elstu nemendur leikskólans í samstarfi við Fríðuhús sem er dagþjálfun rekin af Alzheimersamtökunum.

Nemendur fá sér göngutúr frá leikskólanum meðfram vöginum í Logafold þar sem Fríðuhús er staðsett. Börnin syngja nokkur lög fyrir „gamla fólkið“. Dásamleg samverustund kynslóðabíla.



Annað samstarf

Elstu nemendum leikskólans er boðið á sýningar hjá Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu og stundum í Hörpuna. Elstu nemendurnir einnig á námskeið í

Húsdýragarðinum á hverju ári. Árbæjarsafn er heimsótt árlega af skólahóp. Samstarf er bæði við Lögregluna og slökkviliðið í Reykjavík um fræðslu fyrir nemendur.



MAT Á LEIKSKÓLASTARFI

Markmiðið með matsáætlun og mati í leikskóla er að tryggja það að réttindi allra barna í leikskólanum séu virt og farið eftir lögum sem gilda um leikskóla.



Matsáætlun Funaborgar 2024-2030

Viðfangsefni	2024-25	2025-26	2026-27	2028-29	2029-30
Stjórnun					
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		x	
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur		x		x	
Faglegt samstarf	x		x		x
Leikskóla- og starfspróun		x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x	x

Viðfangsefni	2024-25	2025-26	2026-27	2028-29	2029-30
Uppeldis og menntunarstarf					
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x	x
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x	x
Leikskóli án aðgreiningar	x		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x	x

Viðfangsefni	2024-25	2025-26	2026-27	2028-29	2029-30
Mannauður					
Hlutverk starfsfólks	x		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x	
Starfsánægja	x	x	x	x	x

Viðfangsefni	2024-25	2025-26	2026-27	2028-29	2029-30
Leikskólabragur					
Viðmót og menning	x		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu og upplýsingamiðlun	x		x		x
Viðhorf foreldra	x		x		x

Viðfangsefni	2024-25	2025-26	2026-27	2028-29	2029-30
Innra mat					
Framkvæmd	x		x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x		x		x
Opinber birting og umbætur	x		x		x

Matsáætlunin hér á undan er innra mats áætlun fyrir Funaborg. Í Funaborg er matsteymi sem sér um að framkvæma innra matið.

Gagnaöflun innra mats fer fram á fundum, í samtölum og í könnunum í leikskólanum.



HEIMILDASKRÁ

Aðalnámskrá (2023). <https://adalnamskra.is/adalnamskra-leikskola>

Anna Magnea Hreinsdóttir, Pála Pálsdóttir og Sigrún Grétarsdóttir (2024) *Leikur og þátttaka barna í leikskólastarfi: Stuðningur deildarstjóra og annars starfsfólks*. Reykjavík: Netla

lög um leikskóla <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.htm>

Bodrova, E og Leong, D.J. (2007) Tools of the mind. The Vygotskian approach to early childhood education. New Jersey: Pearson

Dewey, John. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi).

Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands

Fanný Kristín Heimisdóttir. (2010). *Umhverfið sem þriðji kennarinn; „Börnin vilja gjarnan innrétta sjálf“* <http://hdl.handle.net/1946/5660>

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Torfi Hjartarson. (2012). *Sköpun: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Námsgagnastofnun

Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson, Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). *Jafnrétti : Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Námsgagnastofnun

Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir, Erla Kristjánsdóttir. (2013). *Heilbrigði og velferð: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Námsgagnastofnun

Menntamálastofnun. (2024) Handbók um leik barna í leikskóla.

https://vefir.mms.is/flettibaekur/handbok_um_leikinn/38/

Noddings, Nel. (1995). Teaching themes of care. *Scholarly Journal* (May 1995) Vol 76, (Iss. 9) <https://www.proquest.com/docview/218534107?pq->

[origsite=primo&parentSessionId=5pk4Vkc5BF2HqY1XihIMSMvP5x73L2MwYUvs3zD8tnU%3D](#)

Ólafur Páll Jónsson, Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). *Lýðræði og mannréttindi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Námsgagnastofnun

Sigríður Síta Pétursdóttir. (2009). „Blítt brós og hlýtt faðmlag“: Um viðhorf leikskólakennara til umhyggju í leikskólastarfi. [8_sigríður1.pdf](#)

Sigrún Helgadóttir. (2013). *Sjálfbærni: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Mennta - og menningarmálaráðuneyti: Námsgagnastofnun

Stefán Jökulsson. (2012). *Læsi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Námsgagnastofnun

Vygotsky, L.S. (1978). *Mind and society: The development of higher mental processes*. Cambridge, MA: Harvard University Press